

## Stjórnarfundur í Geðhjálp

*Mætt: Jón Ari Arason, Grímur Atlason, Guðrún Þórsdóttir, Sveinn Rúnar Hauksson, Sigrún Sigurðardóttir, Sigmar Þór Ármannsson, Sigurborg Sveinsdóttir sem ritaði fundargerð.*

- 1. Fundargerð frá 14. nóvember sl.**  
samþykkt
- 2. Skýrsla framkvæmdarstjóra –**  
Mikið af einstaklingsmálum verið undanfarið. Framkvæmdarstjóri og formaður fóru í útvarpsþáttinn Geðbrigðið á RÚV. Framkvæmdastjóri og formaður hittu forstöðufólk af geðsviði Landspítalans í desember en um reglubundinn fund er að ræða. Fundurinn um margt ánægjulegur og ýmsar jákvæðar breytingar kynntar fyrir Geðhjálp. Unnið er áfram að undirbúningi á ráðstefnunni Social Change í vor og sagði framkvæmdastjóri af gangi mála.
- 3. Geðlestin 2024**  
Samantekt eða skýrsla verkefnisins var send stjórnarfólki með fundargögnum. Farið yfir samantektina.
- 4. Geðlestin 2025**  
Undirbúningur er í gangi og er verið að leggja lokahöndina að handriti að myndböndum o.fl. gögnum sem þarf að uppfæra. Sótt var um styrkt til verkefnisins til félagsmálaráðuneytisins og ræðst áframhaldið af afgreiðslu ráðuneytisins.
- 5. G- vítamín**  
Föstudaginn 17. janúar verður byrjað að auglýsa dagatölin og sala í Krónuverzlunum um land allt og á heimasíðu gvitamin.is.
- 6. Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn 10. október**  
Umræðum frestað til næsta fundar.
- 7. Fjölmíðlaþjálfun fyrir fatlað fólk**  
Rætt um fjölmíðlaþjálfun fyrir fatlað fólk í samvinnu við ÖBÍ og Þroskahjálp sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hafði samþykkt að styrkja. Formaður upplýsti fyrir fund að formennirnir (ÖBÍ, Þroskahjálp og Geðhjálp) hefðu ákveðið að betra væri að styrkja við rötgróið starf Átaks félags fólks með þroskahömlun en samtökin sinna þessari þjálfun núna og voru í leit að fjármagni. Stjórn samþykk þessari lendingu.
- 8. Opinn fundur með Geðhjálp**  
Opinn fundur tengslum við viðburð á vegum fötlunarfræði HÍ, verður ekki að þessu sinni vegna anna í starfi Geðhjálpar. Leitað hefur verið eftir því að Geðhjálp komi í stað þess að viðburðinum með því að vera með í kynningarefni með merki samtakanna. Stjórn fól framkvæmdastjóra að leita eftir nánari upplýsingum um hvernig þessu samstarfi verði háttað.

Framkvæmdastjóri sendi stjórn þegar það liggur fyrir og stjórn taki afstöðu til erindisins þegar þessar upplýsingar liggi fyrir.

**Önnur mál:**

- a) Guðrún: Vill að stjórn ræði á breiðum grunni hvernig samtökin tengist viðburðum, eigi í samstarfi við aðila og á hvaða forsendum almennt slíkt geti verið. Ekki tæmandi umræða eða geirnegldar reglur – meira til að opna á umræðuna almennt.

Fundi slitið kl. 16:55.

S.R.H.

S.S.

JA

þetta er mynd